

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 351/1991. Þórður Thors,
Richard Thors,
dánarbú Thors R. Thors,
dánarbú Unnar Thors,
Jóna Íris Thors,
Páll G. Jónsson og
Óttar Yngvason
gegn
Kolbeinsstaðahreppi.

Kærumál. Lögtak. Fyrning. Fasteignaskattar. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Jón Magnússon sýslumaður kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, hefur eftir 1. júlí sl. verið farið með mál þetta sem kærumál.

Hinn 7. janúar sl. lést sóknaraðilinn Unnur Thors, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild málsins.

Sóknaraðilar gera þær kröfur, að úrskurði fógætaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6. ágúst 1991 verði hrundið og synjað verði hins umbeðna lögtaks. Þá verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógætarétti og fyrir Hæstarétti, hvort tveggja að við bættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að í stað lögtaks, sem krafist var í beiðni, verði úrskurðað, að fram fari fjárnám til tryggingar fasteignagjöldunum í samræmi við 9. tl. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sem nú hafa tekið gildi. Þá krefst varnaraðili, að sóknaraðilar verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Snemma árs 1987 lagði varnaraðili fasteignaskatt á þær eignir sóknaraðila, sem grein er gerð fyrir í fyrrgreindum úrskurði. Var

það gert með vísan til b-liðar 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, er í gildi voru á þeim tíma. Gjaldstofn var fasteignamat eignanna 1. janúar 1987. Var álagningin tilkynnt eigendum með álagningarseðli 16. mars 1987, þar sem gjalddagar voru tilgreindir 1. apríl og 1. ágúst sama ár.

Lögmaður varnaraðila ritaði sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. janúar 1989 og krafðist lögtaks fyrir fasteignaskatti ársins 1987, sem varnaraðili hafði þá hækkað með vísan til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar 16. júní 1988. Var beiðnin fyrst tekin fyrir í fógetarétti 10. október 1989 og málið tekið til úrskurðar um þá kröfu sóknaraðila, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Úrskurður um það efni var ekki kveðinn upp fyrir en 29. janúar 1991. Næst var málið tekið fyrir 6. ágúst 1991 og þá kveðinn upp úrskurður sá, sem hér liggur fyrir. Voru þá liðin rétt rúm fjögur ár frá síðari gjalddaga fasteignaskatts 1987. Mjög skorti því á það frá upphafi, að rekstur málsins væri með hæfilegum hraða, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Var því lögtaksréttur fallinn niður fyrir fyrningu, er úrskurðurinn var kveðinn upp. Ber að fella hann úr gildi.

Framangreindir ágallar á málsmeðferð í héraði eru vítaverðir.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði er þess ekki getið, að það var fyrirsvarsmaður varnaraðila, sem skaut til Fasteignamats ríkisins kröfu um hækkun á fasteignamati umræddra eigna.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum óskipt málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og synjað framgangs hins umbeðna lögtaks.

Varnaraðili, Kolbeinsstaðahreppur, greiði sóknaraðilum, Þórði Thors, Richard Thors, dánarbúi Thors R. Thors, dánarbúi Unnar Thors, Jónu Írisi Thors, Páli G. Jónssyni og Óttari Yngvasyni, óskipt samtals 100.000 krónur í málskostnað í fógetarétti og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. ágúst 1991.

Með beiðni, dagsettri 25. september 1988, fór Jóhann H. Níelsson hrl. þess á leit, að gert yrði lögtak í fasteigninni Haffjarðará fyrir eftirstöðvum á lagðs fasteignaskatts fyrir árin 1986 og 1987, samtals 344.970 kr.

Hinn 25. janúar 1989 sendi Jóhann Níelsson hrl. nýja lögtaksbeiðni og afturkallaði um leið eldri beiðni frá 25. september 1988. Krafan skv. nýrri beiðninni hljóðar upp á 202.600 kr. Málið var tekið fyrir 10. október 1989. Þar mættu lögmenn aðila og lögðu fram gögn í málinu. Lögmaður gerðarþola krafðist þess, að hinn reglulegi dómari viki sæti í málinu. Var sú krafa studd 36. gr., 7. tl. i.f., laga nr. 85/1936. Hinn 29. janúar sl. var svo kveðinn upp úrskurður, þar sem hinn reglulegi dómari hafnar fram kominni kröfu um að vika sæti.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna lögtaksgerð fari fram. Málskostnaður vegna málflutnings í fógetarétti fellur niður.
